



Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mött. af	Mött. dags.
1. 2	Gsó	11. JUNI 2020
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SH	SH	2006169

Reykjavík 08 júní 2020

Svala Hreinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs
Akraneskaupstað
Stíllholt 13-16
300 Akranes

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og urðum við 20 ára á síðasta ári. Í dag eru félagar 478 talsins. Árið 2019 mættu að meðaltali 21 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 285 félagar nýttu sér þjónustu Klúbbsins Geysis árið 2019.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaurræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Um áramótin 2019 til 2020 voru 8 skráðir félagar með lögheimili á Akranesi

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2019 voru 12% féлага í vinnu og 32% í námi af þeim sem spurðir voru í árangurskönnun 2019. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar í maí 2020, sem gildir til 31.maí 2023.

Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 30 þjóðlöndum, í um og yfir 300 klúbbhúsum, með hátt í 60.000 félögum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að þiggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2020, sækjum við hér með um styrk frá Akraneskaupstað að upphæð 500.000 kr.

Virðingarfyllst,

Þórunn Ósk Sölvadóttir
Þórunn Ósk Sölvadóttir
Framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis

Þórunn Helga Garðarsdóttir
Þórunn Helga Garðarsdóttir
Félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi